

17.fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn miðvikudaginn 27.apríl 2016 og hófst kl. 16:00

Mætt eru: Dagrún Þórisdóttir, Kristinn Lárusson, Svala Sævarsdóttir, Halldór Stefánsson, Ingveldur Eiríksdóttir, Árni Davíð Haraldsson, Sólveig Sveinbjörnsdóttir og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Loftgæði í Grunnskólanum á Þórshöfn

Elías Pétursson, sveitarstjóri, mætti í þennan lið og kynnti skýrslu EFLU sem nefnist „Skoðun, frumkostnaðaráætlun og aðgerðaráætlun Grunnskólans á Þórshöfn“.

Sveitarstjóri fór yfir sögu verkefnisins frá áramótum og stöðuna á því til dagsins í dag. Ljóst er að rakaskemmdir eru í öllum byggingarhlutum skólans og þök þarfnast endurnýjunar eða lagfæringa. Sveppagró og óheilmæmt loft eru til vandræða. Frumkostnaðaráætlun EFLU gerir ráð fyrir u.þ.b. 50 milljónum til að koma húsnæðinu í gott stand. Gert er ráð fyrir að byrja um leið og skóla verður slitið í lok maí.

2. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn

Stutt síðan síðasti fundur var en nokkrir stórir og skemmtilegir hlutir verið í gangi í skólanum.

- Skólahreysti
- Stóra upplestrarkeppnin
- Nótan
- Árshátíð, sem var einstaklega vel heppnuð. Allir nemendur og starfsmenn lögðust á eitt og settu upp leikritið „Skilaboðaskjóðan“.

Auglýst var eftir kennurum fyrir mánuði síðan eða svo og hafa því miður litlar undirtektir verið. Áætlað að auglýsa aftur bráðlega. Bráðvantar menntaðan sérkennara við skólann.

→ Tónlistarskólinn. Vel hefur gengið hjá tónlistakennaranum þennan mánuð sem hann hefur starfað

Gert ráð fyrir að skólanum verði slitið u.þ.b. 20. maí.

Skólagjöld eru í endurskoðun þar sem minni kennsla fór fram um miðjan vetur.

Núverandi kennari við tónlistaskólann hefur sótt um starfið áfram næsta vetur ásamt einum öðrum.

→ Loftgæðin. Mikið áfall að sjá ástandsskýrsluna um skólann, sérstaklega elsta hlutann. Búið að gera vissar ráðstafanir og færa til námshópa úr verstu stofunum og reynt að leysa úr málum á sem bestan hátt. Mat sérfræðinga er að ekki sé ástæða til þess að loka skólanum strax heldur stefna á endurbætur þegar skólastarfi lýkur.



Langanesbyggð

3. Skipurit Grunnskólans á Þórshöfn og form auglýsinga

Nefndin fór yfir skipurit og starfslýsingar stjórnenda við skólann og ræddi mögulegar breytingar með tilliti til þess að núverandi skólastjóri hefur sagt upp upp störfum og nýr skólastjóri tekur til starfa í haust. Skólastjóra og aðstoðarskólastjóra falið að vinna það áfram í samvinnu við sveitarstjóra.

Skólastjóri upplýsti að grunnskólinn hefði alltaf auglýst allar stöður eins og reglur gera ráð fyrir, oftast hefur verið auglýst í Fréttablaðinu, auk héraðsblaða, á vef Langanesbyggðar, skólans og samfélagsmiðlum.

4. Auglýsing skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn

Drög að auglýsingu lögð fyrir og nokkrar breytingartillögur gerðar. Ákveðið að auglýsa sem fyrst með umsóknarfrest til 13.maí.

5. Bréf frá Mennta og menningarmálaráðuneytinu - til kynningar

Tilkynning frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu um að eftirfylgniúttekt yrði framkvæmd dagana 9.-10. maí í Grunnskólanum á Þórshöfn. Skólastjóri er tengiliður við úttektaraðila og mun boða á fundi.

6. Önnur mál

Rætt um að reyna að flýta afgreiðslu á fundargerðum til skrifstofu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00